

STJÓRN SORPU bs.

Ár 2017, föstudaginn 16. ágúst, var haldinn 377. stjórnarfundur SORPU bs. á skrifstofu byggðasamlagsins. Fundur hófst kl.12.00. Viðstödd voru Halldór Auðar Svansson, Hafsteinn Pálsson, Guðmundur Geirdal, Sturla Þorsteinsson og Rósa Guðbjartsdóttir. Björn H. Halldórsson, framkvæmdastjóri, Bjarni Hjarðar, yfirverkfræðingur, og Guðrún Eva Jóhannesdóttir, skrifstofustjóri. Bjarni Torfi Álfþórsson, Sigrún Edda Jónsdóttir og Kolbrún G. Þorsteinsdóttir boðuðu forföll.

Þetta gerðist:

1. Lagður fram árshlutareikningur fyrir fyrstu sex mánuði ársins. Árshlutareikningurinn ræddur, staðfestur og undirritaður.

Þorgils Óttar Mathiesen frá KPMG tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
2. Lagðar fram og kynntar tillögur frá þremur arkitektastofum um útlit gas- og jarðgerðarstöðvar. Jafnframt lagt fram minnisblað Mannvits, dags. 21. júlí 2017, þar sem gerður er samanburður á tillögunum út frá stofn- og rekstrarkostnaði. Tillaga C samþykkt.
3. Lagt fram bréf Íslenska gámafélagsins ehf., dags. 17. júlí 2017, þar sem gerð er athugasemd við ummæli starfsmanns SORPU á fésbókarsíðu íbúa Árborgar. Framkvæmdastjóra falið að svara bréfinu.
4. Lögð fram samantekt frá deildarstjóra gatnadeildar Kópavogs um árangur af plastsöfnunarverkefni Kópavogs fyrstu 7 mánuði verkefnisins.
5. Næsti fundur ákveðinn 6. september.

Fundi slitið klukkan 13.30

Halldór Auðar Svansson

Hafsteinn Pálsson
Sturla Þorsteinsson

Guðmundur Geirdal
Rósa Guðbjartsdóttir